



Bæjarráð Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Kópavogi 4. júlí 2013

Efni: Fjárhagsáætlun vegna vinnu á árinu 2014 við gerð nýs svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins

Á fundi stjórnar SSH hinn 3. júní sl. var til umfjöllunar samþykkt svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins á verk-, tíma- og kostnaðaráætlun vegna gerðar nýs svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins sem nú er í vinnslu. Stjórnin samþykkti að senda áætlunina til aðildarsveitarfélaganna vegna gerðar fjárhagsáætlana fyrir árið 2014.

Verkefnislýsing vegna nýs svæðisskipulags hefur nú þegar verið send aðildarsveitarfélögunum til umfjöllunar sbr. bréf svæðisskipulagsstjóra frá 5. júní 2013.

Meðfylgjandi er sérstök verk-, tíma- og kostnaðaráætlun sem svæðisskipulagsnefnd hefur samþykkt fyrir sitt leyti, og stjórn SSH samþykkti á ofangreindum fundi sínum að senda aðildarsveitarfélögunum vegna gerðar fjárhagsáætlana sveitarfélaganna fyrir árið 2014.

Svo sem fram kemur í meðfylgjandi kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir að hlutdeils sveitarfélaganna í kostnaði við gerð nýs svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið nemi um 55 – 61 m. króna (heildarkostnaður að frádreginni lögbundinni kostnaðarþátttöku skipulagssjóðs og mögulegum sértekjum / verkefnaframlögum frá öðrum aðilum).

Greiðslur aðildarsveitarfélaganna vegna vinnu við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins á þessu ári voru áætlaðar 27,4 milljónir króna. (að meðtöldum kostnaði vegna svæðisskipulagsstjóra og kostnaðar við svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins)

Til að mæta hlutdeild sveitarfélaganna í áætluðum verkefnakostnaði á árinu 2014 þurfa sveitarfélögin að leggja til um 34 m. króna.

Aðildarsveitarfélögin þurfa því að gera ráð fyrir sinni hlutdeild í þessum kostnaði við gerð fjárhagsáætlana sinna fyrir árið 2014 í samræmi við neðangreinda skiptingu:

Sveitarfélag	Íbúar 1.1.2013	%	Áætl. kostn. 2014
Reykjavík	120.210	58,17	19.639.336
Kópavogur	31.890	15,43	5.210.036
Hafnarfjörður	27.020	13,07	4.414.399
Garðabær	13.970	6,76	2.282.352
Mosfellsbær	9.020	4,36	1.473.645
Seltjarnarnes	4.340	2,10	709.048
Kjós	210	0,10	34.309
Samtals	206.660	100,00	33.763.125

Virðingarfyllt,



Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson

Meðfylgjandi:

Verk- tíma- og kostnaðaráætlun vegna nýs svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið.